

# Hvers vegna hrundi Sri Lanka?

Þorvaldur Gylfason

Suður-Asíulöndin fjögur – Bangladess, Indland, Pakistan og Sri Lanka – eiga sér langa og merka menningarsögu sem teygir sig í skráðum heimildum árpúsundir aftur í tímann. Í þessum fjórum löndum býr nú næstum fjórðungur mannkyns, einkum á Indlandi sem vantar nú bara herzlumuninn upp á að sigla fram úr Kína sem fjölmennasta ríki heims.

Fjórum öðrum löndum er stundum bætt í þennan flokk Suður-Asíulanda (Afganistan, Bútan, Maldívejum og Nepal), en saga þeirra er ekki jafnsamofin sögu hinna fjögurra og þau hin eru tengd innbyrðis og verður því ekki frekar fjallað um þau hér.

## Forsagan

Löndin fjögur sem hér koma við sögu – Bangladess, Indland, Pakistan og Sri Lanka – eru náskyld þótt fólkið sem byggir þau sé fjölskrúðugt. Þau voru lengi brezkar nýlendur og losnuðu loksins úr prísundinni í ágúst 1947 (Pakistan og Indland) og febrúar 1948 (Sri Lanka sem hét þá Ceylon og hefur heitið Sri Lanka frá 1972). Pakistan skiptist upphaflega í Vestur-Pakistan sem heitir nú bara Pakistan og Austur-Pakistan sem tók sér sjálfstæði 1971 að loknu grimmilegu borgarastríði í Pakistan og hét þá Bangladess og heitir enn.

Upphaflega stóðu vonir til þess að Indland og Pakistan gætu orðið að einu ríki við sjálfstæðistöku þeirra 1947. Af því gat þó ekki orðið þar eð múslimar kröfðust eigin ríkis, Pakistans, þótt tvískipt væri sitt hvorum megin Indlands og langt á milli landshlutanna tveggja. Af þessu leiddi mikla þjóðflutninga og mikið mannfall. Enn er ástandið ótryggt á landamærum Pakistans og Indlands sem háðu stutt stríð sín í milli 1965, 1971 og 1999. Bæði löndin búa yfir kjarnavopnum.

Sri Lanka er enginn friðarreitur heldur, fjarri því. Þar var háð borgarastríð 1983-2009 þar eð Tamílar sem eru sjöttungur íbúa Sri Lanka, eða röskar þrjár milljónir af 22 milljónum, vildu stofna eigið ríki á hluta eyjarinnar sem er þriðjungi minni en Ísland að flatarmáli. Uppreisn þeirra var barin niður af hörku. Stríðið kostaði 150.000 mannlíf, þar af voru 100.000 óbreyttir borgarar. Efnahagstjónið af völdum stríðsins er talið hafa numið fimmfaldrí landsframleiðslu Sri Lanka.

## Hvað segja tölurnar?

Þrátt fyrir blóðugt borgarastríð og tíð hryðjuverk vegnaði Sri Lanka vel í efnahagslegu tilliti fram til 2009, þegar borgarastríðinu lauk, og þar til nýlega þótt undarlegt megi kannski virðast. Lífskjör fólksins þar voru í fyrra (2021) mun betri en í grannlöndunum þrem mælt í kaupmætti þjóðartekna á mann. Munurinn á kaupmætti þjóðartekna á mann á Sri Lanka og hinum löndunum þrem 2021 var þrefaldur eða meira (mynd 1). Tekjur á mann á Sri Lanka hafa aukizt um tæplega 4% á ári að jafnaði frá 1990 borið saman við tæp 4% í Bangladess og á Indlandi og innan við 2% í Pakistan sem er eftirbátur hinna þriggja að þessu og flestu öðru leyti.

Aðrar upplýsingar um lífskjör ber að sama brunni. Börn og unglingar á Sri Lanka sitja að meðaltali fjórum árum lengur í skóla en börn og unglingar í Bangladess og á Indlandi og sjö árum lengur en í Pakistan.

*Mynd 1*

## Mynd 2

Ekki bara það heldur lifir fólkið á Sri Lanka lengur en fólkið í grannlöndunum (mynd 2). Efnahagur og heilbrigði haldast í hendur. Hvítvoðungur á Sri Lanka getur vænt þess nú (2022) að ná 77 ára aldri líkt og var á Íslandi 1984. Meðalævin í Pakistan er tíu árum skemmri en á Sri Lanka, tæplega 68 ár líkt og á Íslandi um 1950. Fólkið í Bangladess og á Indlandi getur vænt þess að lifa nokkru lengur en í Pakistan, en þó mun skemur en á Sri Lanka. Samt hafa mannsævirnar lengzt til muna í öllum löndunum fjórum frá 1960, til dæmis úr 42 árum upp í 70 ár á Indlandi eða um 28 ár þessi 61 ár sem mynd 2 spannar. Það gerir næstum sex mánuði á ári að jafnaði á móti þrem og hálfum mánuði á ári á Sri Lanka.

Ævirnar lengjast eftir því sem efnahag og heilbrigði fer fram. Þetta kemur heim og saman við lýsingu sænska lýðheilsulæknisins Hans Rosling á framför heimsins. Hann sagði: Æ fleira fólk kys að lifa lengi í litlum fjölskyldum frekar en stutt í stórum fjölskyldum. Þangað liggur straumurinn.

Indland hefur verið staðfast lýðræðisríki allar götur frá sjálfstæðistökunni 1947. Sri Lanka fyllti sama flokk lýðræðisríkja fyrstu 30 árin frá sjálfstæði en lét aðeins undan síga eftir það án þess þó að verða nokkurn tímann að einræðisríki eins og gerzt hefur nokkrum sinnum í ölduróti stjórnmalanna í Bangladess og Pakistan.

Mynd 3 sýnir lýðræðisvísitölur sem stjórnmalafraeðingar í Háskólanum í Maryland í Bandaríkjunum hafa tekið saman, einn helzta lýðræðismælikvarðann sem félagsvísindamenn styðjast við. Vísitölurnar ná frá -10 í harðsvírðum einsræðisríkjum eins og Sádi-Arabíu upp í +10 í fullburða lýðræðisríkjum eins og OECD-löndunum næstum öllum, en þó ekki Bandaríkjunum, ekki lengur.

### Hvað brást?

Það gerðist flestum að óvörum fyrr á þessu ári að efnahagslífið í Sri Lanka hrundi með brauki og bramli, gjaldeyrisforðinn dugði ekki lengur fyrir innflutningi nauðþurfta, ríkissjóður gat ekki staðið skil á skuldum sínum við erlenda lánardrottna, framleiðslan hrundi vegna skorts á aðföngum og við bættist heimsfaraldurinn og meðfylgjandi ferðamannapurrd. Forsetanum var stökkt á flóttu, mótmælendur réðust inn í forsetahöllina og fengu sér sumir sundsprett í einkalaug forsetans frammi fyrir sjónvarpsvélum fréttastöðva. Hvernig gat þetta gerzt?

Hvers vegna hrundi Sri Lanka? – en ekki Bangladess og ekki Pakistan. Svárið er hið sama og vant er þegar hagkerfi hrynja: slæm hagstjórn, spilling, ónógt eftirlit, ótæpileg skuldasöfnun í útlöndum og greiðsluþrot banka, fyrirtækja eða jafnvel ríkisins í kjölfarið. Samt var hagstjórnin á Sri Lanka ekki verri en svo, að minnsta kosti ekki á yfirborðinu, að verðbólgan, sem jafnan má notast við sem grófan mælikvarða á gæði hagstjórnarinnar, var ekki nema 7% á Sri Lanka 2021 borið saman við 5% í Bangladess og á Indlandi og 10% í Pakistan.

Og spillingin á Sri Lanka var litlu meiri en á Indlandi og miklu minni en í Bangladess og Pakistan eins og fram kemur á mynd 4. Myndin sýnir spillingarvísitölu Transparency International sem ætti kannski heldur að heita gegnsæisvísitala og nær frá 0 í gerspilltum löndum upp í 100 í löndum þar sem engrar spillingar sem orð er á gerandi verður vart.

## Mynd 4

Það flækir málið að hrún gerir ekki alltaf boð á undan sér eins og það gerði þó á Íslandi 2006-2008. Hitt er algengara að allt virðist vera með felldu þar til hrúnið skellur á. Það stafar


af því að mikil umsvif knúin áfram af skuldasöfnun erlendis blinda mönnum svo sýn að þeim virðist allt leika í lyndi þar til skyndilega reynist ekki vera til laust fé heima fyrir í erlendum gjaldeyri til að standa skil á skuldum. Einmitt þannig lýsti Ernest Hemingway gjaldþroti í einni bóka sinna: Það gerist fyrst hægt og rólega og síðan gerist það skyndilega.

Velgengni í efnahagsmálum villir oft á sér heimildir. Menn halda áfram að safna skuldum til að reyna að halda andlitinu þangað til þeir geta ekki lengur staðið í skilum. Þetta á ýmist við um stjórnvöld eða einkageirann nema hvort tveggja sé. Einmitt þetta gerðist á Sri Lanka 2021 líkt og á Íslandi 2006-2008. Sri Lanka er nú í gergæzlu á vegum AGS líkt og Ísland var 2008-2011. Íslandi tókst að rífa sig upp úr öldudalnum og það mun Sri Lanka einnig takast. Yfirleitt tekur afturbatinn, þ.e. endurheimt fyrri stöðu, átta til níu ár líkt og gerðist á Íslandi.


Vergar skuldir ríkissjóðs Sri Lanka á árslok 2021 námu 109% af landsframleiðslu og stefna hærra. Til samanburðar námu vergar skuldir ríkissjóðs Íslands 110% af landsframleiðslu í lok hrunársins 2008, fóru hæst í 138% í árslok 2011 og námu 75% í árslok 2021 (heimild: AGS). Ríkissjóður Íslands komst ekki í þrot í hruninu, AGS og Norðurlönd sáu til þess. Sri Lanka samdi nýlega við AGS um lán og ráðstafanir til að geta staðið skil á skuldum ríkisins. Lágir og stundum engir vextir síðustu ár hafa gert íslenska ríkinu kleift að velta skuldum sínum á undan sér við litlum sem engum eða jafnvel minni en engum tilkostnaði. Lágir sem engir vextir dugðu Sri Lanka þó ekki til að komast hjá kreppu.

Reynslan hefur kennt mönnum að vergar skuldir skipti jafnan meira máli en hreinar skuldir þar eð eignirnar sem menn kaupa sér með lánsfé geta reynzt ótryggjar eins og raunin varð á Íslandi í hruninu. Sama á við um einkaskuldir sem riðu baggamuninn í hruninu á Íslandi en ekki á Sri Lanka því þar var það ríkið sem reisti sér hurðarás um öxl.


Efnahagshrun er ævinlega dauðans alvara. Löndin rísa að vísu alltaf upp aftur að átta til níu árum liðnum, stundum fyrr, stundum síðar, en eftir situr óbættur skaði þeirra sem misstu mikils, stundum vinnuna, stundum heimili sín, stundum allt.




Heimild: Alþjóðabankinn.



Heimild: Alþjóðabankinn.



Heimild: Center for Systemic Peace.



Heimild: Transparency International.